

Reglugerð íþróttá og afrekssjóðs Rangáþings Eystra.



1.

Sjóðurinn heitir íþróttá og afrekssjóður Rangáþings eystra og var stofnaður 2018 af Rangáþingi eystra. Sjóðurinn er í vörslu Heilsu, íþróttá og æskulýðsnefndar Rangáþings eystra.

2. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum Heilsu-, íþróttá og æskulýðsnefndar. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga og sjá um fjáröflun og kynningarstarfsemi sjóðsins. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

3. Markmið sjóðsins.

Markmið sjóðsins eru:

- a) Að veita einstökum íþróttá og eða afreksmönnum, sem keppa fyrir hönd íþróttafélags í Rangáþingi eystra, viðurkenningu og fjárstuðning til að auðvelda þeim æfingar og þáttöku í mikilvægum keppnum.
- b) Að taka við tilnefningum á íþróttamanni ársins og velja úr þeim hópi.

4. Umsóknir

1. Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd úthlutar styrkjum úr sjóðnum og er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun nefndarinnar, en getur einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsókna. Einungis íþróttagreinar sem viðurkenndar eru af íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands koma til greina við úthlutun styrkja.
2. Hvert styrkartímabil er almannaksárið og er úthlutað úr sjóðnum tvisvar á hverju styrkartímabili. Fyrri úthlutun fer fram í lok júní og seinni í desember.

Með umsókn skulu fylgja:

- a) Kennitala og reikningsnúmer.
- b) Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Sjórn íþróttá- og afrekssjóðs skal svara skrifalega öllum umsóknum sem berast.

5. Greiðslur stykja.

Samþykki HÍÆ nefnd að vita viðkomandi styrk skal hann greiðist hann út eigi síðar en viku eftir að HÍÆ nefnd hefur samþykkt stykbeðni.

6. Skyldur styrkþega

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr íþrótt- og afrekssjóði skulu hlíta þeim reglum sem íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan valla sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur á þessum reglum getur Heilsu- íþrótt- og æskulýðsnefnd krafist endurgreiðslu styrksins. Viðkomandi íþróttamenn skulu jafnframt koma fram í skólum og hjá félögum í sveitarfélaginu sé þess óskað af Heilsu- íþrótt- og æskulýðsnefnd.

7. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a) Árlegt framlag sveitastjórnar samkvæmt fjárhagsáætlun
- b) Frjáls framlög
- c) Vaxtatekjur

8. Uppgjör sjóðsins

1. Uppgjör sjóðsins skal birta árlega með fundargerðum nefndarinnar.
2. Leitast skal við að minnsta kosti 75% tekna sjóðsins sé úthlutað á hverju tímabili.

9.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur staðfest hana og skal endurskoðuð eigi síðar en árið 2020.

Samþykkt á fundi starfshóps um íþrótt- og afrekssjóð Rangárþingi eystra 2.maí 2018

Benedikt Benediktsson

Bjarki Oddsson

Bóel Anna Þórisdóttir

Helga Guðrún Lárusdóttir

Helgi Jens Hlíðdal

Jónas Bergmann Magnússon

Ólafur Örn Oddsson

Endurskoðað og breytt 1. nóvember 2023.

Bjarni Daníelsson

Ástvaldur Gylfason

Bjarki Oddsson

Kolbrá Lóa Ágústsdóttir

Sandra Sif Úlfarsdóttir

Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir

Sigurður Orri Baldursson

Ólafur Örn Oddsson